

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um vegabréfsáritanir, nr. 795/2022.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 8 við reglugerðina:

- a. Í stað orðsins „Hvíta-Rússland“ í I. mgr. kemur, í rétttri stafrófsröð, orðið: Belarús.
- b. Í stað orðsins „Kongó“ kemur, í rétttri stafrófsröð, orðið: Lýðstjórnarlýðveldið Kongó.
- c. Á eftir orðinu „Namibía“ í I. mgr. kemur orðið: Naúrú.
- d. Í stað orðsins „Svasíland“ í I. mgr. kemur, í rétttri stafrófsröð, orðið: Esvatíní.
- e. Við II. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
  2. Handhafar diplómátskra vegabréfa, opinberra vegabréfa og þjónustuvegabréfa frá Georgíu.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á I. mgr. viðauka 9 við reglugerðina:

- a. Í stað orðanna „Georgía (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum)“ kemur: Georgía (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum) en þó ekki handhafar diplómátskra vegabréfa, opinberra vegabréfa og þjónustuvegabréfa frá Georgíu, sbr. II. mgr. viðauka 8.
- b. Á eftir orðinu „Kósóvó“ kemur: (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum).
- c. Orðið „Nárú“ fellur brott.
- d. Í stað orðsins „Austur-Tímor“ kemur, í rétttri stafrófsröð, orðið: Tímor-Leste.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „þjónustuvegabréfa frá Indlandi“ í 7. tl. II. mgr. viðauka 9 við reglugerðina kemur: opinberra vegabréfa frá Indlandi.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 20. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 7. apríl 2026.*

**Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Páll Winkel.*